

við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 10. gr. Niður falli orðin „og sparisjóðir“ í c-lið greinarinnar.
2. Við 11. gr. Niður falli orðin „og sparisjóða“ í e-lið greinarinnar.
3. Við 26. gr. Upphaf 2. másl. orðist svo:
Fyrir hvert barn innan 16 ára, sem gjaldandi o. s. frv.
4. Á eftir 35. gr. komi nýr kafli: V. kafli. Um aðstöðugjald, svo hljóðandi:
 - a. (36. gr.) Heimilt er sveitarstjórnnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.
Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 6. gr. laga nr. 68/1971, svo og skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, orkuver til almenningsbarfa, sláturhús, mjólkurbú og olíufélög, sem greiða landsútsvar. Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 10. gr. c-lið.
 - b. (37. gr.) Aðstöðugjald skal miða við rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár samkvæmt ákvæðum skattalaga, þar með taldar fyrningar, vöru- og efnisnotkun.
Aldrei skal reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi brúttótekjum.
Hafi gjaldandi með höndum fjölbættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, þá skal telja verðmæti, sem þannig er flutt, til brúttótekna hjá þeim bætti atvinnurekstrarins, er af hendi lætur, en til aðstöðugjalds skyldra rekstrarútgjalda hjá þeim bætti, sem á móti tekur.
Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um álagningu gjaldsins.
 - c. (38. gr.) Aðstöðugjald má ekki hærra vera í hverju sveitarfélagi en nemi 65% þess hundraðshluta, sem þar var álagður sem aðstöðugjald á árinu 1971.
 - d. (39. gr.) Skattstjórar annast álagningu aðstöðugjalds, og skal það álagt í heilum hundruðum króna.
Aðstöðugjald, sem ekki nær kr. 300.00, fellur niður.
Gjaldalagi aðstöðugjalds er 1. júlí.
 - e. (40. gr.) Innheimta má aðstöðugjald hjá gjaldanda í öðru sveitarfélagi en þar, sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn, ef:
 - a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar;
 - b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.
Skylt er gjaldanda að gefa hlutaðeigandi skattstjóra skýrslu um samanlögð útgjöld sín, sbr. 37. gr., vegna starfseminnar, samkvæmt a- og b-lið þessarar greinar, innan loka framtalsfrests, ella áætla skattstjóri útgjöldin að fenginni umsögn sveitarstjórnar eða nefndar skv. 4. mgr. 28. gr.
 - f. (41. gr.) Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um innheimtu aðstöðugjalds, og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um, hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 38. gr.
Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 15. apríl ár hvert.
 - g. (42. gr.) Þegar skattstjóri hefur lokið álagningu aðstöðugjalds samkvæmt þessum kafla, semur hann skrá um aðstöðugjöld í hverju sveitarfélagi og sendir hana þegar til sveitarstjórnar, sem innheimtir gjöldin.
Ákvæði 32. gr. laga þessara um gagnkvæma ábyrgð hjóna skulu gilda um innheimtu aðstöðugjalds.
5. V. kafli. Ýmis ákvæði verður: VI. kafli. Ýmis ákvæði.
6. 36. gr. falli niður.
7. Við 42. gr. Orðin „sbr. þó 36. gr. laga þessara“ í niðurlagi greinarinnar falli niður.